FRÉTTABLAÐIÐ

164. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 28. JÚLÍ 2020

Ánægður með stuðninginn við Borgarlínu

Töluvert fleiri eru hlynntir Borgarlínu en andvígir. Þó dregur aðeins úr stuðningi við verkefnið frá því síðastliðið haust. Borgarstjóri segir niðurstöðurnar mikilvægt veganesti inn í framkvæmdatímabilið.

SAMGÖNGUMÁL Tæpur helmingur þeirra sem taka afstöðu er hlynntur Borgarlínu, en þrír af hverjum tíu eru andvígir. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið.

„Í stuttu máli er ég bara mjög ánægður með þennan sterka stuðning. Þetta er mikilvægt veganesti inn í næsta tímabil Borgarlínunnar sem er framkvæmdatímabil," segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri um niðurstöðurnar.

Stuðningur við Borgarlínu dregst aðeins saman frá því í október á síðasta ári þegar einnig var spurt um viðhorf til verkefnisins. Þá var rétt rúmur helmingur hlynntur Borgarlínu en um fjórðungur andvígur.

Konur eru hlynntari Borgarlínu en karlar og stuðningurinn er meiri meðal yngra fólks en eldra. Þá er mun meiri stuðningur hjá þeim sem hafa lokið háskólanámi en öðrum.

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru einnig mun hlynntari Borgarlínu en íbúar á landsbyggðinni.

„Það kemur kannski ekki á óvart að stuðningurinn sé sterkastur þar sem framkvæmdirnar varða fólk mest og fyrstu áfangarnir eru," segir Dagur.

Ef horft er til einstakra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu reynist stuðningur við Borgarlínu mestur meðal Reykvíkinga. Rúm 57 prósent þeirra eru hlynnt Borgarlínu en tæp 29 prósent andvíg.

Næstmestur stuðningur er í Kópavogi en þar er rétt rúmur helmingur hlynntur en rúmur fimmtungur andvígur. Í Hafnarfirði er tæpur helmingur hlynntur og tæpur fjórðungur andvígur.

Í Mosfellsbæ eru skoðanir skiptari, en rúm 38 prósent þar eru hlynnt Borgarlínu og tæp 35 prósent andvíg. Tæpur þriðjungur Garðbæinga er hlynntur Borgarlínu en tæpur helmingur andvígur. Á Seltjarnarnesi eru 39 prósent hlynnt en 61 prósent andvígt.

Könnunin sem send var á könnunarhóp Zenter var framkvæmd 16. til 27. júlí. Í úrtaki voru 2.300 manns 18 ára og eldri en svarhlutfall var rúmt 61 prósent. Gögnin voru greind eftir kyni, aldri og búsetu. **– sar**

Afstaða til Borgarlínu

Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú Borgarlínunni?



Fáar umsóknir í ábyrgðasjóðinn

NEYTENDUR „Það er heilmikil handavinna í kringum þetta," segir Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri um stöðuna á Ferðaábyrgðasjóði.

Áætlað er að Ferðaábyrgðasjóður þurfi allt að 4,5 milljörðum króna en frá því opnað var fyrir umsóknir um lán í sjóðnum í síðustu viku hafa aðeins borist umsóknir um tvö- til þrjú hundruð milljónir króna að sögn ferðamálastjóra. **– gar / sjá síðu 6**

Íslenski flotinn fór í Smuguna

SJÁVARÚTVEGUR Veiði á makríl innan íslensku lögsögunnar hefur valdið vonbrigðum það sem af er vertíðar og nú er nánast allur floti íslenskra skipa sem gerir út á makríl við veiðar í Smugunni.

Eftir fjörugan föstudag í Smugunni datt veiðin niður yfir helgina þó að eitthvað hafi áfram fengist, að sögn Baldurs Einarssonar, útgerðarstjóra Eskju sem gerir út tvö skip á makríl. **– thg / sjá síðu 4**

Fjölmenni var í gær í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal og nutu háir sem lágir góða veðursins og lystisemda garðsins. Við tjörnina, ekki fjarri hringekjunni, stóð Costco-fíllinn á sínum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚTSALA
27.07 – 16.08
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á ELKO.IS
ELKO

Veður



Norðvestan 3-10 A-lands í dag, gengur í vestan 8-13 syðst síðdegis, en annars hæg breytileg átt. Bjartviðri S-lands framan af degi, en annars skýjað að mestu en úrkomulítið. SJÁ SÍÐU 14

Rússneski togarinn Karelia.

Fylgjast náið með Þýskalandi

COVID-19 Engin breyting er fyrirhuguð á lista íslenskra stjórnvalda yfir lönd sem ekki eru skilgreind sem áhættusvæði né er í skoðun að grípa til harðari aðgerða varðandi komur frá löndum sem eru að sjá mikla aukningu tilfella smits. Þar má til dæmis nefna Spán en þar hafa aðstæður versnað hratt undanfarið.

„Um tíma var það í skoðun að skilgreina ekki Kanaríeyjar sem áhættusvæði en það hefur breyst hratt," segir Kamilla Sigríður Jósefsdóttir, sérfræðingur í sóttvörnum hjá Embætti landlæknis.

Frá 16. júlí hafa Danmörk, Finnland, Noregur og Þýskaland verið skilgreind sem svæði sem eru ekki með mikla smithættu. Áður höfðu Færeyjar og Grænland verið skilgreind sem slík frá 14. maí. Það þýðir að íbúar þessara landa eru undanþegnir skimun þegar komið er til landsins. „Við erum helst með áhyggjur af þróun mála í Þýskalandi. Stjórnvöld þar hafa komið fram með afar ábyrgum hætti varðandi sínar aðgerðir og upplýsingagjöf þannig að við treystum gögnum þaðan og tökum ákvarðanir út frá þeim," segir Kamilla.

Hún segir að ekki sé tilefni til þess að breyta matinu varðandi Færeyjar þrátt fyrir stórt hópsmit þar í landi nýverið. Alls greindust 23 skipverjar í rússneska togaranum Karelia með smit en skipið lá við bryggju í Klakksvík. „Það var einangrað tilvik þar sem gripið var strax inn í og talið ólíklegt að frekara smit hafi átt sér stað innanlands," segir Kamilla. **– þþ**

Kusu Benedikt forseta réttarins

DÓMSTÓLAR Benedikt Bogason hefur verið kjörinn forseti Hæstaréttar Íslands fyrir tímabilið frá 1. október 2020 til 31. desember 2021. Benedikt tekur við af Þorgeiri Örlygssyni en hann hefur óskað eftir lausn frá embætti hæstaréttardómara frá 1. september.

Benedikt var kjörinn varaforseti réttarins í maí síðastliðnum og gegndi embættinu því aðeins í rúma tvo mánuði. Ingveldur Einarsdóttir tekur við embætti varaforseta.

Benedikt er fæddur árið 1965. Hann var skipaður hæstaréttardómari 1. október 2012.

Benedikt hefur fengist við kennslu og fræðistörf í mörg ár, samhliða dómstörfum. Hann hefur verið prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2016. Auk þess hefur hann setið í fjölda nefnda í gegnum árin. Hann er nú formaður stjórnar dómstólasýslunnar.

– aá

Blíða á Bernhöftstorfu

DJ Dóra Júlía mætti í miðbæinn í gær og hélt uppi stemningunni fyrir gesti og gangandi á torginu við Bernhöftstorfu. Viðburðurinn var í samstarfi við Reykjavíkurborg að því er sagði í kynningu. „Glampandi sól og góðar víbrur og því tilvalið að nýta hádegishléið í að hlusta á góða tónlist og jafnvel dilla sér svolítið," sagði í kynningunni. Og virðast það hafa verið orð að sönnu því áheyrendur léku við hvern sinn fingur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Miðflokksáin rennur að lokum aftur heim

Guðni Ágústsson les mikið persónufylgi úr áhorfi tugþúsunda á nýlega ræðu hans á Facebook. Hann útilokar þó endurkomu í stjórnmál en sem pólitískan öldung dreymir hann um sameiningu Framsóknarflokksins og Miðflokksins.

STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson segist hafa látið undan hópþrýstingi þegar hann hélt ræðu í garðveislu sem Jón Ólafsson, löngum kenndur við Skífuna, hélt í bakgarði viskíbarsins Dillon fyrir rétt rúmri viku.

Viðstaddir gerðu góðan róm að ræðu Guðna sem hefur vakið enn frekari athygli á Facebook þar sem orðum hans hefur verið gefinn gaumur um það bil 70 þúsund sinnum.

„Þetta er ótrúlegt. Að 20 prósent þjóðarinnar hafi horft á eina ræðu," segir Guðni hróðugur í samtali við Fréttablaðið og vísar frekari greiningu á tölfræði til Jóhanns Helga Hlöðverssonar, ferðaþjónustufrömuðar, sem tók ræðuna upp og setti á Facebook.

„Hann á náttúrlega heiðurinn en ég ber ábyrgðina. Ég held bara að þetta sé heimsmet. Það eru komin nánast 70 þúsund „views" á ræðuna hans. Á einni viku," segir Jóhann Helgi og bætir við að tölurnar hækki enn jafnt og þétt.

Þótt Guðni hafi verið á léttum nótum var ræðan þó, eins og ef til vill mátti búast við, þrungin ættjarðarást og ofurtrú þessa fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins og ráðherra landbúnaðarmála á allt það sem íslenskt er.

„Þeir roðna núna nútímastjórnmálamennirnir. Ég mundi segja að þeir ættu náttúrlega að taka mig til eftirbreytni og flytja ærlegar ræður sem fólk vill hlusta á. Ég er ekki bara fornaldarmaður, ég er andi nútímans," segir Guðni, sem gefur lítið fyrir að þarna sé hann í raun miðaldamaður að fá byr undir vængi með 21. aldar tækni sem hann skilji lítið í.

En er þetta ekki til marks um persónufylgi og vinsældir og þú ert nú bara rétt sjötugur. Þarftu bara ekki að stíga aftur inn á sviðið?

„Nei, það held ég ekki. En þetta er auðvitað til marks um það að það er gaman að lifa og tími manns er aldrei liðinn. Þannig að þetta á einmitt að vera þannig að menn vaxa að visku og vekja athygli með þegar þeir eru orðnir öldungar. Eins og Njáll á Bergþórshvoli og allir kapparnir okkar, Jónas frá Hriflu og hvað þeir hétu nú allir."

Guðni staðfestir að hann vilji sjá Framsóknarflokkinn og Miðflokkinn sameinast en þvertekur þó fyrir að hann beiti sér fyrir því á bak við tjöldin.

„Nei, nei. Ég á mér þann draum og sá tími kemur að Miðflokksáin rennur aftur í sinn gamla farveg. Lilja Dögg Alfreðsdóttir er stjarna. Hún er vonarstjarna okkar og þá verður þetta einn og stór og sterkur Framsóknarflokkur á nýjan leik. Og heldur áfram að gera Ísland þekkt."

Þannig að þú telur ekki vera óbrúanlega gjá þarna á milli?

„Nei, nei, nei. Nei, nei, nei. Þetta sjá allir sem vilja sjá, hæfileikamenn, bæði Sigurður Ingi og Sigmundur Davíð. Þeir vita að einn daginn þurfa menn að takast í hendur. Alveg eins og Framsóknarflokkurinn sættist við Jónas frá Hriflu og kallaði hann til sín á stórafmæli þá er þessi tími fram undan að þetta mun gerast og þeir njóta meiri sæmdar fyrir."

toti@frettabladid.is

„Það var tilefni til að setja upp hatt og vera höfðinglegur," segir Guðni, sem var vissulega foringjalegur á sviðinu í Dillon-garðinum. MYND/JÓHANN HELGI

> **Þetta er ótrúlegt. Að 20 prósent þjóðarinnar hafi horft á eina ræðu.**
>
> Guðni Ágústsson

SUMAR SPRENGJA SUZUKI HELDUR ÁFRAM!

SUZUKI

Way of Life!

VIÐ ENDURTÖKUM LEIKINN!

ÞÚ FÆRÐ 500 ÞÚSUND FYRIR GAMLA BÍLINN, UPP Í NÝJAN SUZUKI IGNIS

ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI OG ÞÚ EKUR INN Í SUMARIÐ Á NÝJUM FJÓRHJÓLADRIFNUM SUZUKI IGNIS

4X4

SUZUKI IGNIS ER FJÓRHJÓLADRIFINN

18 sentimetrar undir lægsta punkt

VERÐ FRÁ KR.
3.080.000

Við aðstoðumþig við fjármögnun. Tilboðið gildir út júlí eða á meðan birgðir endast

Fjórhjóladrif og 18 sentimetrar undir lægsta punkt gerir Suzuki Ignis næstum óstöðvandi. Suzuki Ignis er líka ótrúlega rúmgóður og sparneytinn.

Njóttu sumarsins á nýjum Suzuki Ignis

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Vörur Mjólkursamsölunnar komnar í 50 þúsund verslanir í Japan

MATVÆLI Skyrvörur Mjólkursamsölunnar fást nú í yfir 50 þúsund matvöruverslunum í Japan að sögn forstjórans, Ara Edwald. „Við sjáum Japan sem okkar mikilvægasta markað á næstu misserum," segir Ari.

MS skrifaði undir framleiðslu- og vörumerkjasamning á Ísey skyri við japanska mjólkurvörufyrirtækið Nippon Luna í maí 2018. Dreifing hófst í lok mars á þessu ári. „Þetta var auðvitað óheppilegur tími til að byrja en fór engu að síður mjög vel af stað og varan hefur náð mikilli útbreiðslu mjög hratt," segir Ari.

Markaður fyrir jógúrtvörur í Japan er afar stór og veltir um 700 milljörðum króna á ári hverju.

Í Japan búa 127 milljónir manna og samkvæmt upplýsingum frá MS eru þar um 70 þúsund matvöruverslanir. Því er ljóst að Ísey skyr hefur nú þegar náð dreifingu í stóran hluta allra verslana þar í landi.

Nippon Luna framleiðir skyrið í Japan með japanskri mjólk en nýtir framleiðsluaðferðir og skyrgerla MS.

Afkoma MS á árinu 2019 batnaði talsvert milli ára, en 167 milljóna króna hagnaður varð á starfsemi félagsins samkvæmt nýbirtum ársreikningi fyrir 2019.

Japansmarkaður er MS mikilvægur að sögn Ara Edwald. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Til samanburðar var 272 milljóna tap á árinu 2018. Rekstrarafgangur fyrir skatta, fjármagnsliði og einskiptisliði var hins vegar stöðugur í 483 milljónum.

Skýringin á bættri afkomu síðasta árs hjá MS er að á árinu 2018 var gjaldfærð 440 milljóna króna stjórnvaldssekt sem Samkeppniseftirlitsið lagði á fyrirtækið og hafði þá verið staðfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, en MS hefur áfrýjað þeirri niðurstöðu til Landsréttar. **– thg**

Metverð fæst fyrir gull. MYND/GETTY

Metverð fyrir silfur og gull

VIÐSKIPTI Metverð fæst nú fyrir gull, en fjárfestar leita um þessar mundir í örugga höfn með fé sitt í skugga heimsfaraldursins og mögulegra áhrifa hans á efnahag heimsins.

» Verð á gulli hefur hækkað um 27 prósent á árinu. Talið er að verðið muni hækka enn meira á næstu mánuðum.

Verðið á únsu af gulli hefur hækkað um 27 prósent á árinu en hún fór í 1.944 dollara í gær og var þar með slegið fyrra met frá árinu 2011 þegar únsan fór í 1.912 dollara.

Verð á silfri hefur líka hækkað. Á fimmtudaginn fór únsa af silfri á 23,24 dollara og hafði ekki verið hærra í sjö ár. Verðið hefur hins vegar haldið áfram að hækka og fór í 24,21 dollara í gær, sem er sex prósenta hækkun frá fimmtudagsmetinu.

Fyrr í vor var því spáð að gullverð næði 1.800 dollurum fyrir árslok en nú er því spáð að verðið haldi áfram að hækka og fari yfir 200 dollara á únsuna. **– aá**

Íslenski flotinn allur mættur í Smuguna í von um makríl

Eftir döpur aflabrögð mestallan júlímánuð freista íslensk fiskiskip á makrílvertíð þess nú að leita í Smugunni. Tugir skipa frá Íslandi, Rússlandi og Grænlandi eru nú að veiðum þar. Íslensku skipin eru að minnsta kosti mánuði fyrr á ferðinni á svæðinu en vanalega, en göngur makrílsins virðast breyttar.

ÚTVEGUR Fjör færðist í makrílvertíðina um helgina þegar Aðalsteinn Jónsson, sem gerður er út frá Eskifirði, fékk 420 tonn af makríl í einu holi í Smugunni. Skipið var í gær á leið til hafnar með 920 tonn eftir úthald helgarinnar. Nánast allur floti íslenskra skipa sem gerir út á makríl er nú við veiðar í Smugunni, en aflabrögð innan íslensku lögsögunnar hafa valdið nokkrum vonbrigðum það sem af er vertíðar.

Eftir fjörugan föstudag í Smugunni datt veiðin niður yfir helgina þó að eitthvað hafi áfram fengist, að sögn Baldurs Einarssonar, útgerðarstjóra Eskju sem gerir út tvö skip á makríl: „Það var mokveiði á föstudag en svo var þetta ekki mjög merkilegt eftir það," segir Baldur.

Baldur áætlar að íslenski flotinn hafi veitt á bilinu sjö til tíu þúsund tonn yfir helgina. Á föstudag síðastliðinn höfðu íslensk skip landað um 34 þúsund tonnum af makríl í heildina, samkvæmt gögnum Fiskistofu.

Síldarvinnslan (SVN) er að jafnaði með fjögur skip að veiðum á makrílvertíð, en afla þeirra er svo safnað saman í eitt skip sem svo skilar honum til hafnar. Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri SVN, sagði að eitt skipa fyrirtækisins væri á leið til lands með um þúsund tonn af makríl, en samanlagður afli skipa SVN hafi verið um tvö þúsund tonn yfir helgina.

Íslenski flotinn er ekki einn um hituna í Smugunni um þessar mundir, en upp undir fimmtán rússnesk skip og fimm frá Grænlandi eru þar einnig að veiðum. Í heildina mátti telja yfir 40 skip í Smugunni á eftirmiðdegi mánudags.

Aflabrögð makríls innan lögsögu Íslands hafa verið döpur í júlí að sögn útgerðarmanna. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

» Makrílveiðar innan íslensku lögsögunnar hafi verið með þeim hætti að ekki var heima setið mikið lengur og stefnan tekin út fyrir landhelgina.

Íslenski flotinn hefur á síðustu árum klárað makrílveiðar í Smugunni í seinni hluta ágúst og september, en eru nú töluvert fyrr á ferðinni á því veiðisvæði. Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, segir að þeir hafi ákveðið að gefast upp á íslensku lögsögunni í bili og halda norðaustur á bóginn. „Þetta var orðið steindautt hér við Eyjar og suðaustur af landinu," segir hann.

Eyþór segir að skip Ísfélagins hafi ekki komið í Smuguna fyrr en snemma á sunnudag og hafi fiskað um 500 tonn síðan þá.

Baldur Einarsson segir að á síðustu árum hafi skip Eskju ekki haldið í Smuguna fyrr en upp úr miðjum ágúst. Veiðar innan íslensku lögsögunnar hafi hins vegar verið með þeim hætti að ekki var heima setið mikið lengur og stefnan tekin út fyrir landhelgina.

Heildarmagn makríls sem veiða má á yfirstandandi vertíð er um 166 þúsund tonn. Að meðtöldum afla helgarinnar má ætla að um fjórðungur þess, eða allt að 45 þúsund tonn, hafi þegar veiðst. **thg@frettabladid.is**

ergomotion

Viltu hætta að hrjóta?

Frumsýnum Ergosmart snjallrúmið

ÖLL ERGOMOTION RÚM Á 20% AFSLÆTTI

ÞÚ FÆRÐ ERGOMOTION RÚM FRÁ 331.448 KR.

Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að þróa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.

Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsu-farslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á **CES í Las Vegas**.

ERGOSMART snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Synjun á beiðni um fundargerðir Lindarhvols talin ófullnægjandi

STJÓRNSÝSLA Úrskurðarnefnd um upplýsingamál felldi í gær úr gildi synjun fjármála- og efnahagsráðuneytisins á beiðni blaðamanns um aðgang að fundargerðum Lindarhvols ehf. árin 2016-2018.

Nefndin féllst ekki á þau rök að þagnarskylduákvæði laga um gjaldeyrismál og laga um Seðlabanka Íslands ættu við um fundargerðirnar. Þá væri með engu móti hægt að fallast á að hluti fundargerðanna féllu undir ákvæði upplýsingalaga sem ætlað er að vernda upplýsingar um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál féllst ekki á að ákvæði um þagnarskyldu ættu við um gögnin.

Var beiðni blaðamannsins vísað aftur til ráðuneytisins til nýrrar meðferðar og afgreiðslu þar sem ráðuneytið hafði ekki rökstutt synjun um aðgang að gögnum með fullnægjandi hætti. **– aá**

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakkningum í verslunum Bónus um land allt.

norðanfiskur

KRÓNAN

Við auglýsum eftir

STYRKTAR UMSÓKNUM

Við veitum styrki til verkefna sem tengjast lýðheilsu barna og/eða hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu samfélagsins.

Ert þú með hugmynd?
Sendu inn umsókn á

Kronan.is/styrktarumsokn

Umsóknarfrestur er til 30. ágúst 2020

www.kronan.is

Trúðarnir redda sér

Trúðar í borginni Quillacollo í Bólivíu hafa brugðist við verkefnaleysi síðustu vikna með því að sendast heim til borgarbúa með ýmsar nauðsynjar. Sennilega sinna þeir störfum sínum með bros á vör. MYND/EPA

Fáar umsóknir borist til Ferðaábyrgðasjóðs

Byrjað er að fara yfir fyrstu lánsumsóknir ferðaskrifstofa hjá hinum nýja Ferðaábyrgðasjóði. Ferðamálastjóri segir að skila þurfi inn mjög ítarlegum upplýsingum og kveðst búast við að umsóknir bætist ört við á næstu vikum.

NEYTENDAMÁL „Það eru komnar inn örfáar umsóknir," segir Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri um stöðuna á Ferðaábyrgðasjóði, sem Alþingi samþykkti fyrir fjórum vikum að setja á laggirnar.

Eins og fram hefur komið er Ferðaábyrgðasjóði ætlað að veita ferðaskrifstofum lán svo þær geti endurgreitt viðskiptavinum ferðir sem falla niður á tímabilinu 12. mars til 31. júlí vegna Covid-19. Áætlað er að allt að 4,5 milljarða króna þurfi til verkefnisins. Opnað var fyrir móttöku umsókna í sjóðinn í síðustu viku. Skarphéðinn segir að þessa fyrstu daga hafi samtals verið sótt um upphæð sem hlaupi á tvö til þrjú hundruð milljónum króna.

Skarphéðinn segir að nú þegar fyrir liggi hvaða upplýsingum þurfi að skila inn sé starfsfólk ferðaskrifstofanna að taka saman nauðsynleg gögn. „Miðað við að það er innan við vika síðan opnað var fyrir umsóknir og þetta eru býsna ítarlegar upplýsingar sem verið er að kalla eftir, þá finnst mér vel að verki staðið hjá ferðaskrifstofum að vera þó búnar að sækja um þetta," segir hann.

Aðspurður kveður Skarphéðinn þær umsóknir sem komnar séu ekki eiga neitt sérstakt sameiginlegt. „Þetta er bæði vegna ferðalaga til útlanda og ferðalaga til landsins," segir hann.

Ferðamálastjóri reiknar með að skriður komist á umsóknir í Ferðaábyrgðasjóð á næstu vikum. „Það eru vafalaust einhver sumarleyfi hjá ferðaskrifstofunum og kannski að mannahald sé eitthvað af skornum skammti á þessum COVID-tímum," segir hann.

Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er heilmikil handavinna í kringum þetta og ýmislegt sem þarf að passa upp á.

Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri

Skarphéðinn útskýrir að fylla þurfi út töflu þar sem kallað sé eftir mjög ítarlegum upplýsingum varðandi endurgreiðslurnar.

„Í einhverjum tilfellum er búið að endurgreiða og í einhverjum tilfellum hafa kreditkortafyrirtækin endurgreitt. Og það þarf að gæta þess að ekki bæði ferðaskrifstofan og kreditkortafyrirtæki séu að endurgreiða. Og það þarf að liggja klárt fyrir að það séu raunverulegar endurgreiðslur að baki þeim lánum sem verið er að veita úr sjóðnum. Það er heilmikil handavinna í kringum þetta og ýmislegt sem þarf að passa upp á." **gar@frettabladid.is**

SKÓLATÖSKUDAGAR

23. júlí - 3. ágúst

30% afsláttur af öllum skólatöskum

Beckmann töskur

- 22 lítra með vasa fyrir nesti og brúsa.
- Góður stuðningur við bak.
- Regnslá í loki, endurskinsmerki á öllum hliðum, festingar yfir bringu og mjaðmir.
- Sterkar og endingagóðar.
- Má þvo í þvottavél á vægum hita.

Beckmann 22 l

15.994 kr
verð áður 22.849 kr

Beckmann 22 l

15.994 kr
verð áður 22.849 kr

Beckmann 22 l

15.994 kr
verð áður 22.849 kr

Beckmann 22 l

15.994 kr
verð áður 22.849 kr

Beckmann 22 l

15.994 kr
verð áður 22.849 kr

Beckmann 18 l

15.994 kr
verð áður 22.849 kr

Jeva 16 l

8.994 kr
verð áður 12.849 kr

Herlitz 24 l

9.729 kr
verð áður 13.899 kr

Herlitz 24 l

9.729 kr
verð áður 13.899 kr

Pulse bakpoki

6.229 kr
verð áður 8.899 kr

Pulse bakpoki

6.229 kr
verð áður 8.899 kr

Beckmann 30 l

15.994 kr
verð áður 22.849 kr

Allt úrvalið er í Smáralind, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi

HAGKAUP

Löng leið framundan

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Við höfum verið minnt á það undanfarna daga að kórónaveirufaraldurinn er alls ekki liðinn hjá. Enn er of snemmt að segja til um hvort ný bylgja sé yfirvofandi hér á landi en eftir þrjár vikur án þess að innanlandssmit hafi verið greint hafa nú komið upp ellefu tilfelli smits á síðustu dögum. Ekki hefur tekist að rekja öll tilfellin en alls eru nú rúmlega tuttugu virk tilfelli smits í landinu og rúmlega 170 manns í sóttkví.

Óttinn við opnun landsins fyrir ferðamönnum hefur sem betur fer að mestu reynst ástæðulaus. Tekin hafa verið tæplega sextíu þúsund sýni við landamærin en virkt smit aðeins greinst í 22 tilfellum. Engu að síður er full ástæða til þess að fara varlega og beita áfram almennri skynsemi til að minnka líkurnar á því að faraldurinn taki sig aftur upp. Þessi nýju tilfelli sýna líka fram á nauðsyn þess að fara sér hægt í að aflétta þeim takmörkunum sem faraldurinn hefur haft í för með sér.

Víða um heim er faraldurinn enn í miklum vexti. Fjöldi tilfella smits á heimsvísu er nú kominn yfir sextán milljónir og til marks um hraðan vöxt má nefna að það er tvöföldun heildarfjölda tilfella frá því um miðjan júní. Síðustu daga hafa met yfir fjölda greindra tilfella í heiminum á sólarhring verið að falla. Þá er fjöldi látinna kominn upp í um 650 þúsund.

Framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sagði í gær að faraldurinn sé langstærsta áskorunin sem stofnunin hafi staðið frammi fyrir. Þrátt fyrir að gríðarlega mikið hafi verið gert hingað til verði leiðin framundan bæði löng og erfið.

Það er því ekki að ástæðulausu að ýmis ríki eru nú að draga til baka tilslakanir á sóttvarnaráðstöfunum. Þannig hafa bresk stjórnvöld ákveðið að gera aftur kröfu um tveggja vikna sóttkví fyrir farþega sem koma frá Spáni en þar hefur fjöldi tilfella farið vaxandi. Áður höfðu norsk stjórnvöld gripið til viðlíka ráðstafana og fleiri ríki vara þegna sína við ferðalögum til Spánar.

Næstu skref í tilslökunum á samkomubanni hafa verið boðuð eftir verslunarmannahelgi. Þá mega þúsund manns koma saman og opnunartími vínveitingastaða verður lengdur um klukkustund. Fólk verður því áfram að sýna þolinmæði en það er ánægjuefni að traust almennings á almannavörnum og heilbrigðisyfirvöldum er enn mjög mikið.

Samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup treysta um 95 prósent þeirra sem tóku afstöðu þessum aðilum vel til að takast á við COVID-19. Þótt hlutfall þeirra sem treystir umræddum yfirvöldum fullkomlega hafi minnkað nokkuð frá því að faraldurinn var í hámarki hlýtur þetta að teljast frábær árangur.

Engu að síður er full ástæða til þess að fara varlega og beita áfram almennri skynsemi til að minnka líkurnar á því að faraldurinn taki sig aftur upp.

Halldór



Frá degi til dags

Gun-ter

Óhætt er að fullyrða að landsmenn klóri sér í hausnum yfir framferði bandarískra sendiherrans Jeffrey Ross Gunter. Ekki síst að hann væri á tauginni varðandi líf sitt og heilsu á bak við skotheldar rúður sendiráðsins. Helst vildi hann vera vopnaður öllum stundum.

Óljóst er hvað veldur þessu óöryggi sendiherrans. Óttast hann virkilega útsendara Djúpríkisins svona mikið? Varaði enginn hann við sprengigleðinni þegar hann upplifði áramót hérlendis í fyrsta sinn? Eða sagði hann kannski eitthvað slæmt um Kópasker eða Raufarhöfn?

Blautar hörmungar

Eins og var viðbúið er kórónaveiran farin að láta á sér kræla á nýjan leik. Næstu dagar munu leiða í ljós hvort sóttvarnayfirvöld þurfi að grípa til hertra aðgerða. Ef til kemur virðast veðurguðirnir hafa gert þá ákvörðun talsvert auðveldari. Hörmulegur rok- og rigningarsuddi virðist eiga að ganga yfir landið um Verslunarmannahelgina, stærstu ferðahelgi ársins. Það mun þó ekki stoppa bjartsýnt og fyrst og fremst íslenskt áhugafólk um tjaldútilegur. Sá hópur heldur alltaf að þetta reddist. Ljóst er að rennblautar hörmungar bíða hans nema ef Þórólfur skipar öllum að halda sig heima.

Sýndarleikur með stjórnarskrá

Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður Viðreisnar

Ef einhverjar breytingar sjá dagsins ljós, verða þær lægsti mögulegi samnefnarinn sem íhaldsríkisstjórnarflokkarnir þrír geta komið sér saman um.

Nú er loks að bregða til tíðinda í stjórnarskrármálum. Væntanlegar breytingar verða sjálfsagt boðaðar með fjölmiðlaímyndarfundaherferð að hætti ríkisstjórnarinnar. En það er lítil von til að þær snúist um það sem stór hluti þjóðarinnar hefur ítrekað kallað eftir: Jöfnun atkvæðisréttar óháð búsetu. Óháð öllu nema því sjálfsagða réttlæti að hver einasta kosningabær manneskja fái að eiga eitt heilt atkvæði. Í öðru lagi trúi ég að margir hafi ímyndað sér að það ætti loksins og af marggefnu tilefni að drífa í því að gulltryggja tímabundna úthlutun aflaheimilda í stjórnarskránni til að festa eignarhald þjóðarinnar óumdeilanlega í sessi. Ekki bara í orði, heldur á borði.

Mörgum hefur áreiðanlega verið farið eins og mér, að vona að hér yrði lagður grunnur að raunverulegum breytingum í þágu almannahagsmuna. Auðvitað felst samt vísbending um að svo verði ekki, í því að það má ekki nefna tillögur Stjórnlagaráðs í þessari vinnu frekar en snöruna í hengds manns húsi. Ef einhverjar breytingar sjá dagsins ljós, verða þær lægsti mögulegi samnefnarinn sem íhaldsríkisstjórnarflokkarnir þrír geta komið sér saman um. Til dæmis að kjörtímabil forseta Íslands verði sex ár í stað fjögurra og að hann sitji mögulega í mesta lagi tvö kjörtímabil. Er þetta breyting sem helst brennur á fólki?

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra henti svo inn trompi í vikunni. Hún tók eftir því að meðal ríflega 200 umsagna sem bárust í samráðsgátt stjórnvalda, og sneru nota bene langflestar að því að gagnrýna áralanga hunsun stjórnvalda á niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur Stjórnlagaráðs frá 2012, þá var umsögn um að réttast væri að miða kosningarétt við árið sem fólk verður átján ára, en ekki afmælisdag. Þarna er nú mál sem hægt er að taka góðan tíma í að ræða – svo góðan að ekki gefst tími til að vinna aðrar mikilvægari breytingar. Ríkisstjórnin ætlar sér í sýndarbreytingar þrátt fyrir ákall um annað.

Nema jafnvel það að miða kosningarétt við fæðingarár sé of stór biti fyrir þessa ríkisstjórn. Það skyldi þó aldrei vera?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Mikilvæg þátttaka Íslands í geimvísindum

Atli Þór Fanndal
yfirmaður Geimvísinda- og tækniskrifstofunnar

Hugrún Hanna Stefánsdóttir
iðorðafræðingur Geimvísinda- og tækniskrifstofunnar

Fulltrúar skoska geimferðafyrirtækisins Skyrora heimsóttu Ísland í janúar. MYND/HANNES ÁRNI HANNESSON

Alþingi samþykkti árið 2016 þingsályktun um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu. Við fyrstu sýn kemur það ef til vill spánskt fyrir sjónir að smáríki ætli sér ríka þátttöku í geimvísindum og -tækni en Ísland á talsverða sögu þegar kemur að könnun geimsins.

Umsvif geimtækni- og vísinda er þó nokkur á Íslandi. Auk vísindastarfs og þjónustu eru hér sprotafyrirtæki sem byggja á þekkingarskiptum frá geimtækni í vörur og þjónustu sem við notum í daglegu lífi. Þar má nefna sprotafyrirtækið Svarma sem samtvinnar gervihnatta- og drónagögn. Belgingur er alþjóðlegt veðurathugunarfyrirtæki sem sinnir veðurtengdum rannsóknum og vöruþróun. Icesat er skráningafyrirtæki sem tekur að sér skráningarumsýslu gervihnatta. Íslensk gagnaver og jarðstöðvar safna, geyma og vinna úr gervihnattagögnum. Bandaríska fyrirtækið 4th Planet Logistics er með starfsstöð hér á landi en fyrirtækið vinnur rannsóknir tengdar hýbýlahönnun fyrir Tunglið og Mars. Eldflaugafyrirtækið Skyrora vinnur nú að tilraunaskotum frá Íslandi. Hérlendir háskólar eru framarlega í fjarkönnun, jarðfræði og gervigreind. Íslensk fyrirtæki og stofnanir nýta sér þá tækni og þekkingu sem til verður í kjölfar geimrannsókna til aukinnar skilvirkni, þróunar, öryggis- og umverfisverndar.

Bjarni Tryggvason, geimfari hjá Geimvísindastofnun Kanada, fæddist á Íslandi og hefur haldið ríkum tengslum við landið. Hann er hér á landi reglulega á vegum Háskólans í Reykjavík. Fyrir fimmtíu árum skutu Frakkar fjórum eldflaugum út í geim frá Íslandi og allir geimfarar Apolló-verkefnisins þjálfuðu hér á landi.

Árið 2019 var Geimvísinda- og tækniskrifstofan stofnuð eftir nokkurn undirbúning. Skrifstofan fjármagnar sig með verkefnavinnu. Markmiðið er að ýta undir þekkingar- og verðmætasköpun tengt þátttöku Íslands í geimvísindum. Á þeim stutta tíma sem skrifstofan hefur verið til, hefur fjöldinn allur af vísindamönnum notið stuðnings og þjónustu.

Þessi auknu umsvif gera kröfu til íslenskunnar og um leið tækni- og vísindagreina sem tengjast geimnum að leggja rækt við jafnræði tungunnar gagnvart ensku. Okkar starf fer að mestu fram á ensku og því algengt að þegar á reynir séum við sem störfum í geimtengdum málum öruggari á ensku en íslensku. Í sumar hefur Hugrún Hanna Stefánsdóttir íðorðafræðingur starfað á Geimvísinda- og tækniskrifstofunni í samstarfi við Árnastofnun við verkefni á vegum Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Starf Hugrúnar styður við þá stefnu okkar að Ísland taki þátt í geimvísindum með íslenskuna að vopni og á forsendum okkar samfélags.

Vinna Hugrúnar mun stuðla að því að nýsköpuð íðorð á sviði geimvísinda nái dreifingu og að festa komist á orðanotkun sem svo er hvati til frekari orðsmíði og flokkunar. Verkefnið mun jafnframt skýra hugtökin og þannig skilgreina gloppur í íslenskum íðorðaforða.

Þótt ólíklegt verði að teljast að Ísland keppi í stærð við stórþjóðir geimvísindanna, Bandaríkin, Rússland, Japan, og Kína, er ekkert sem stoppar okkur í gjöfulu samstarfi. Geimurinn er á jaðri mannlegrar þekkingar og krefur alla, jafnvel þá stærstu, til víðtæks samstarfs. Með þátttöku í Geimvísindastofnun Evrópu opnast fyrir samstarf og þróunarfé sem Ísland hefur í dag takmarkað aðgengi að. Með samstarfinu geta íslensk nýsköpunarfyrirtæki staðið á öxlum risa frá fyrsta degi.

Fáum ríkjum er alþjóðastarf jafn gjöfult og Íslandi. Aðild okkar að Horizon 2020, rannsókna- og nýsköpunaráætlunar ESB, hefur skilað rúmlega tuttuguföldun á hverri krónu sem við höfum lagt til. Mikilvægi þessar aðildar er ekki hægt að ofmeta.

Fyrir fimmtíu árum skutu Frakkar fjórum eldflaugum út í geim frá Íslandi og allir geimfarar Apolló-verkefnisins þjálfuðu hér á landi.

Starf skrifstofunnar og þá sérstaklega vinna við íðorð á íslensku hefur vakið athygli og áhuga fólks. Við fögnum öllum athugasemdum og tillögum. Vonin er að sem flest orð komist í almenna notkun.

Frá samræðum Hugrúnar við fagaðila og áhugafólk hefur orðið ljóst að fyrst og fremst er unnið með ensku þegar geimurinn er ræddur. Heimildir á íslensku eru fáar og dæmi er um að við sem störfum við verkefnið höfum þurft að fara aftur til tíma tunglferðanna, eða til 6. og 7. áratugarins, til að finna orðaforða. Nýjustu heimildir eru aðallega Stjörnufræðivefurinn og tímaritið Lifandi vísindi sem eru góðar en takmarkaðar. Í nýlegu útvarpsviðtali kom upp sú spurning hvort það sama ætti við í Kína og Rússlandi þar sem geimtengd verkefni eiga sér stað, hvort þar væri enskan í forgrunni. Svo er auðvitað ekki. Margar Geimvísindastofnanir nota fleiri en eitt tungumál. Geimvísindastofnun Kanada er tvítyngd og notar bæði ensku og frönsku. Opinber tungumál Geimvísindastofnunar Evrópu eru enska, franska og þýska. Geimfarar í Alþjóða geimstöðinni læra iðulega ensku, rússnesku og japönsku.

Það er sterk hefð á Íslandi fyrir því að standa vörð um tungumálið og mæta tækninýjungum með nýyrðasmíð í þeirri von að orðin festist í sessi og verði notuð í samfélaginu. Við viljum passa upp á málið okkar sem á undir högg að sækja og undirbúa það fyrir ágangi enskunnar sem mun óhjákvæmilega fylgja innstreymi geimtækninnar hingað til lands. Það er heiður og ánægja af því að vinna slíkt verkefni.

Hér ber að nefna nokkur dæmi um orð sem við höfum þurft að glíma við. Lýsingarorðið sub-orbital nær yfir feril loftfars sem nær ekki fullri sporbraut. Skotið sjálft nær ekki æskilegum hraða til þess að viðhalda hringferð um sporbraut. Við lögðum til kastbrautar- sem íslenskt jafngildi (eignarfall af nafnorðinu kastbraut). Kastbrautarskot og kastbrautargeimflug eru dæmi um ný orð mynduð með forliðnum kastbrautar- og gætu þau nýst í umfjöllunum um yfirstandandi eldflaugaskot hérlendis og erlendis. Orðið og afkvæmi þess hafa verið birt á samfélagsmiðlum og skemmtilegar umræður skapast.

Í bók sinni Til framandi hnatta frá árinu 1958 lagði verkfræðingurinn Gísli Halldórsson til íslenska orðið hamfar fyrir multistaged rocket. Hér er átt við eldflaug sem knúin er af nokkrum þrepum og fer því hamförum á ferli sínum til geimsins. Orðið hefur ekki náð festu en þykir okkur það þjált og sérlega íslenskt.

Við nýyrðamyndun þarf að hafa nokkra hluti í huga. Allar beygingarmyndir orðs þurfa helst að falla að íslenskri orðnotkun. Hefð er í íslensku að orð séu gagnsæ og lýsandi. Ágætismarkmið en getur leitt af sér of langt orð sem samsett er úr mörgum liðum. Þá minnka líkurnar á að orðið nái festu og komist í almenna notkun. Í þeim tilvikum er þjált og nytsamlegt orð ef til vill betra.

En hvers vegna geimurinn og hvers vegna núna? Umsvif eru hratt að aukast. Ísland býður upp á kjöraðstæður fyrir prófanir þökk sé öfgakenndri veðráttu, hraunhellum og líkingu íslenska hálendisins við yfirborð Mars. Auknum umsvifum fylgir aukin umfjöllun og Íslendingar vilja geta rætt þetta á sínu máli en þá þurfa almenningur og fjölmiðlar að hafa nytsamleg orð innan handar.

Förum með íslenskuna út í geiminn.

Hápunktar tímabilsins

Lokaumferðin í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla var leikin um helgina. Leiktíðinni lýkur á óvenjulegum tíma vegna kórónaveirunnar. Margir skemmtilegir hlutir gerðust á tímabilinu.

ENSKI BOLTINN Skrýtnu keppnistímabili lauk í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla um síðustu helgi. Kórónaveirufaraldurinn setti mark sitt á seinni hluta tímabilsins, sem leikinn var fyrir luktum dyrum og sóttvarnir voru í fyrirrúmi þegar keppni hófst að nýju eftir pásu vegna veirunnar. Fréttablaðið tók saman nokkra punkta frá leiktíðinni og þá má sjá hér að neðan.

Innkoma ársins

Portúgalski sóknartengiliðurinn Bruno Fernandes sýndi það og sannaði hvað skapandi leikmaður getur breytt miklu fyrir lið. Fernandes kom til Manchester United frá Sporting CP í janúarglugganum. Þessi skemmtilegi leikmaður bæði skapaði og skoraði mörk auk þess að gera leikmenn í kringum sig tölurvert betri. Paul Pogba fann gleðina að nýju, Nemanja Matic varð mýkri í öllum sínum aðgerðum og sóknarþríeyki liðsins naut síðan góðs af sköpunargáfu Portúgalans.

Rauðvín ársins

Jamie Vardy eldist eins og gott rauðvín þó svo að hann kjósi fremur sjálfur að drekka vodka í Burn þegar sá gállinn er á honum. Vardy sem er orðinn 33 ára gamall varð markahæsti leikmaður deildarinnar en hann er þar af leiðandi elsti leikmaðurinn sem skorar mest í deildinni á einni leiktíð. Slær hann met sem Didier Drogba átti. Það sem gerir afrek Vardy enn merkilegra er að hann treystir mikið á hraða sinn og kraft í leik sínum. Ekkert er farið að slá af í þeim efnum þó svo að árin færist yfir.

Síðasti söludagur

Wes Morgan, varnarmaður Leicester City þurfti að hlamma sér af varamannabekknum og leysa af í vörn liðsins á lokasprettinum. Morgan lék vel í varnarsinnuðu liði Leicester City sem varð enskur meistari um árið og fagnaði því vel og lengi í einum eða tveimur Captain Morgan. Brendan Rodgers þarf líklega að klippa á naflastrenginn og redda sér öflugri varaskeifu í hjarta varnarinnar hjá liðinu.

Mesti bömmerinn

Jack Grealish skellti sér ansi hressilega inn um gleðinnar dyr þegar Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, hafði nýverið sett samkomubann á þjóðina. Grealist fór á samfélagsmiðla og bað menn um að sýna ábyrgð. Nokkrum klukkustundum síðar var hann mættur í partý og beit svo höfuðið af skömminni með því að aka heim undir áhrifum og klessa glæsikerru sína. Daginn eftir þegar Grealish hafði innbyrt Alca Seltzer henti hann í myndband þar sem hann sagðist draugþunnur sjá eftir öllu saman.

Upprisa leiktíðarinnar

Dýrlingarnir hans Ralph Hassenhüttl voru niðurlægðir þegar Leicester City gjörsigraði Southampton síðasta haust með níu mörkum gegn engu. Margir töldu daga Austurríkismannsins vera talda í stjórastarfinu á St. Mary's en eftir að hafa fengið uppörvandi skilaboð frá Sir Alex Ferguson reis liðið upp með Danny Ings í broddi fylkingar. Liðið sigldi lygnan sjó og lifir enn í deild þeirra bestu.

Sirkus tímabilsins

Watford fór í gegnum straumharðan ólgusjó á þessu langa tímabili. Nigel Pearson tók við stjórnartaumunum af Quique Sánchez Flores í desember en Flores hafði tekið við keflinu í brúnni af Javi Gracia. Þegar tveir leikir voru eftir af tímabilinu lenti Pearson saman við Gino Pozzo, eiganda félagsins, og Hayden Mullins fékk það verkefni að reyna að bjarga liðinu frá falli. Það gekk aftur á móti ekki og Watford fylgir Norwich City og Bournemouth niður í ensku B-deildina.

Sjarmatröll misseranna

Chris Wilder er krúttlegur karl sem stýrir gamaldags bresku knattspyrnuliði, Sheffield United, að nafni sem kom öllum að óvörum með því að berjast um sæti í Evrópukeppni allt til loka leiktíðarinnar. Wilder elskar að fá sér pintu á hverfiskránni í Sheffield og notar almenningssamgöngur á leið til og frá vinnu með lókalnum. Liðið spilar með 3-5-2 þar sem hafsentar liðsins og vængbakverðir dæla inn krossum á öfluga framherja. Margar skemmtilegar sögulínur hafa orðið til á leiktíðinni í leikmannahópi liðsins.

Rangur maður á röngum tíma

Stuðningsmenn Newcastle United supu allflestir hveljur þegar Steve Bruce var ráðinn í stjórastólinn af Mike Ashley síðastliðið vor. Bruce sem er harður í horn að taka var auðmýktin uppmáluð og skilaði Newcastle United örugglega í höfn í reglubundið sæti liðsins um miðja deild. Seinnihluta tímabilsins þurfti hann sífellt að svara fyrir hvernig honum litist á að sádí-arabískir olíufurstar keyptu félagið og spörkuðu honum út í hafsauga fyrir Mauricio Pochettino sem hafði tekið pokann sinn hjá Tottenham Hotspur, sem opnaði dyr fyrir endurkomu José Mourinho inn í deildina.

hjorvaro@frettabladid.is

Danny Ings lenti í afar erfiðum meiðslum þegar hann var hjá Liverpool. Margir voru búnir að afskrifa Ings sem framherja í fremstu röð en hann hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga hjá Southampton. MYNDIR GETTY

Jack Grealish gerði skyssu fyrr á árinu og var lítill í sér daginn eftir.

Bruno Fernandes hefur lyft leik Manchester United á hærra plan.

Flestir bjuggust við því að Chris Wilder og lærisveinar hans hjá nýliðunum Sheffield United myndu vera í fallbaráttu en raunin varð svo allt önnur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

RENNDU ÞÉR INN Í SUMARIÐ!

Þú kaupir Oakley eða Everley heilsudýnu eða heilsurúm sem afhent er í boxi á hjólum og færð innifalið glæsilegt Aspen fjallahjól*

* á meðan birgðir endast

Vissulega ótrúlegt ... ... en staðeynd samt!

Hverri Everley og Oakely heilsudýnu fylgir sérlega vandað Aspen fjallahjól að verðmæti 59.000 kr.*

OAKLEY

heilsudýnan frá Primo er með vönduðu poka-gormakerfi sem veitir mikinn og góðan stuðning. Yfirdýnan er gerð úr mismunandi svamplögum sem og visco lagi sem aðlagast að líkama þínum og heldur honum í réttri stellingu út nóttina. Oakley heilsudýnan er með kantstyrkingum sem eykur svefnsvæði hennar og endingu. Oakley er millistíf/ stíf og hentar því breiðum hópi.

OAKLEY heilsudýna 30 cm þykk	**Stök dýna**	Fullt verð m/ Classic botni	**Útsöluverð með Classic botni**
Oakley 120x200	**139.900**	175.900	**168.700**
Oakley 140x200	**149.900**	189.900	**181.900**
Oakley 160x200	**159.900**	204.900	**195.900**
Oakley 180x200	**169.900**	219.900	**209.900**

EVERLEY

heilsudýnan frá Primo er gerð úr 13 gr. pokagormum sem veita hinn fullkomna stuðning. Stífir kantar auka svefnsvæði dýnunnar. Yfirdýnan er þykk og þægileg og gerð úr nokkrum mismunandi svamplögum. Viscolag gefur líkamanum þann stuðning sem hann þarf. Dýnan er mýkri á axlar- og mjaðmasvæði til að líkami þinn fái eins náttúrulega sveigju og mögulegt er. Everley er millistíf/ mjúk og er ein vinsælasta dýna Primo.

EVERLEY heilsudýna 35 cm þykk	**Stök dýna**	Fullt verð m/ Classic botni	**Útsöluverð með Classic botni**
Everley 120x200	**149.900**	185.900	**178.700**
Everley 140x200	**159.900**	199.900	**191.900**
Everley 160x200	**169.900**	214.900	**205.900**
Everley 180x200	**189.900**	239.900	**229.900**

ASPEN
fjallahjól að verðmæti
59.000 kr.
fylgir með Oakley & Everley heilsu-dýnum

ASPEN
26" FJALLAHJÓL

- 26"
- 21 gír
- demparar á framöxli
- diskabremsur að framan og aftan
- standari
- glitaugu

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

28. JÚLÍ 2020 ÞRIÐJUDAGUR

Öllu tjaldað til á Sjö dögum sælum

